



Nordisk konferens om sexism och sexuella trakasserier
inom hotell, restaurang och turism branschen

Kynferðisleg áreitni gagnvart starfsfólki í þjónustustörfum

Rannsókn á upplifun starfsfólks á kynferðislegri áreitni á vinnustað

Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur

Um rannsóknina

- Rannsókn framkvæmd vorið 2015 af RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum fyrir Starfsgreinasamband Íslands.
- Úrtak var 1500 manns, 901 svaraði könnuninni (60% svarhlutfall).
- Þar af höfðu 235 unnið á veitingahúsi (þar með talið kaffihúsi eða skyndibitastað) eða í hótél- eða ferðaþjónustu síðustu 10 ár.
- Konur eru um 60% þeirra sem hafa unnið í þjónustustörfum og karlar 40% samkvæmt könnuninni. Þetta er í samræmi við tölfræði Hagstofu Íslands.

Algengni kynferðislegrar áreitni

- Um 41% svarenda sem starfaði við þjónustustörf hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni.
- Um það bil önnur hver kona og fjórðungur karla hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni .

Hefur þú í starfi þínu á veitingahúsi eða innan hótél- og/eða ferðapjónustu orðið fyrir kynferðislegri áreitni? (N=232)

	Karl	Kona	Alls
Já	26,4%	50,4%	40,9%
Nei/ veit ekki	73,6%	49,6%	59,1%

Aldur, staða, kyn

- Algengasta starfsheiti þeirra sem urðu fyrir kynferðislegri áreitni var þjónn.
 - Þriðji hver sem svaraði spurningunni um hvert starfsheiti þeirra hefði verið þegar áreitnin átti sér stað, sagðist hafa borið starfsheiti þjóns.
 - Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir þar sem fram kemur að þjónar verði fyrir mjög oft fyrir kynferðislegri áreitni.
 - Þess ber að geta að þetta er starfsheiti sem svarendur gefa sjálfir og þarf ekki að benda til menntunar á því sviði.
- Samanlagt voru 67,8% þeirra sem hafa orðið fyrir áreitni yngri en 24ra ára þegar að alvarlegasta tilvikið (ef þau voru fleiri en eitt) átti sér stað.
- 70% kvenna og 56,3% karla sem urðu fyrir kynferðislegri áreitni voru 24ra ára eða yngri.

Staða geranda

- Þegar þátttakendur voru spurðir um stöðu gerandans í alvarlegasta atvikinu (væru þau fleiri en eitt) kom í ljós að:
 - í 61,7% tilvika var um að ræða viðskiptavin.
 - í 32,1% tilvika var um að ræða vinnufélaga.
 - um 21% sögðu að gerandi hafi verið yfirmaður þeirra.
- Þegar svörin voru skoðuð eftir kyni svarenda kom í ljós að hlutfallslega fleiri karlkyns svarendur höfðu orðið fyrir áreitni af hálfu viðskiptavinar:
 - 85,7% karlkyns svarenda.
 - 56,7% kvenkyns svarenda.
- Konur höfðu oftast orðið fyrir áreitni af hálfu yfirmanns:
 - 25,4% kvenna segja að gerandinn sé yfirmaður, en enginn karlmaður sem svaraði könnuninni hefur upplifað kynferðislega áreitni af hálfu yfirmanns.

Áhrif á öryggistilfinningu

Hversu mikil eða lítil áhrif hafði áreitnin á öryggistilfinningu þína á vinnustaðnum? Greint eftir kyni (N=89).

	Mjög mikil áhrif	Frekar mikil áhrif	Hvorki mikil né lítil áhrif	Frekar lítil áhrif	Mjög lítil eða engin áhrif
Karl	0,0%	0,0%	15,0%	15,0%	70,0%
Kona	10,1%	33,3%	21,7%	14,5%	20,3%

Áhrif á öryggistilfinningu

- Munur er á því hvernig svarendur mátu áhrif kynferðislegrar áreitni á öryggistilfinningu sína, eftir því hvaða stöðu gerandinn hafði.
 - Þannig svöruðu 20% þeirra sem voru áreitt af viðskiptavini að það hafi haft mjög eða frekar mikil áhrif á öryggistilfinningu þeirra.
 - Hærra hlutfall, eða um 48%, segja að það hafi mjög eða frekar mikil áhrif á öryggistilfinningu þeirra að vera áreitt af vinnufélaga.
 - 64,7% þeirra sem hafa verið áreitt af yfirmanni segja að það hafi mjög eða frekar mikil áhrif á öryggistilfinningu þeirra.
- Samkvæmt þessu þá hafði það meiri áhrif fyrir svarendur að vera áreitt af vinnufélaga eða yfirmanni heldur en viðskiptavini.
- Áhrif áreitni á öryggistilfinningu kvenna var að meðaltali 4,67 á tíu stiga skala, en talan fyrir karla var 2,77.

Rannsóknir framtíðarinnar

- Tæplega þriðjungur svarenda hefur orðið vitni að kynferðislegri áreitni í garð annars starfsfólks á vinnustaðnum.
 - Ekki var rannsakað hvort starfsfólk tilkynnir atvik til yfirmanns þegar það verður vitni að kynferðislegri áreitni gagnvart samstarfsfólki.
- Ekki var spurt um hvort að starfsfólk sagði frá áreitninni og er það efni í næstu rannsókn.
 - Erlendar rannsóknir benda til að stór hluti þolenda segi ekki frá.
 - Hvers vegna?
- Einnig þyrfti að rannsaka hvernig stjórnendur brugðust við í þeim tilvikum þar sem starfsfólk sagði frá.
- Þá er einnig rannsóknarefni hvort fólk þekki réttindi sín og hvar það getur leitað eftir stuðningi.
- Áhugavert væri að rannsaka fleiri starfsgreinar.